



**SVEITARFÉLAGIÐ BLÁSKÓGABYGGÐ  
SKÁLHOLT  
DEILISKIPULAG  
GREINARGERÐ, SKILMÁLAR OG UMHVERFISSKÝRSLA**

**ÚTGÁFA 0.0**

**13.04.2018**

**11.12.2018 Breytt eftir auglýsingu – vegtenging færð**

**UNNIÐ FYRIR SKÁLHOLTSSTAÐ**



<b>Samþykktir.....</b>	<b>2</b>
<b>1 Forsendur.....</b>	<b>3</b>
1.1 Almennar upplýsingar.....	3
1.2 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður .....	3
1.3 Skipulagsleg staða.....	5
1.4 Deiliskipulag.....	5
1.5 Minjar .....	5
1.6 Verndun .....	9
1.7 Náttúrvá.....	9
1.8 Gögn deiliskipulags .....	10
1.9 Samráð.....	10
<b>2 Deiliskipulag .....</b>	<b>11</b>
2.1 Verndarsvæði og minjar .....	11
2.2 Búskapur .....	12
2.3 Skógrækt.....	12
2.4 Votlendi og endurheimt votlendis.....	12
2.5 Samgöngur.....	12
2.1 Frístundabyggð – Skálholtsbúðir - starfsmannahús .....	14
2.2 Lóðir .....	14
2.3 Byggingarreitir .....	14
2.4 Veitur .....	14
2.5 Upplýsingaskilti.....	15
2.6 Tilgátu- og upplýsingasvæði .....	15
<b>3 Almennir skilmálar .....</b>	<b>16</b>
3.1 Almennt .....	16
3.2 Hönnun og uppdrættir.....	16
3.3 Mæliblöð.....	16
3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar.....	16
3.5 Frágangur lóða .....	16
<b>4 Sérákvæði.....</b>	<b>17</b>
4.1 Almennt .....	17
4.2 A - Byggingarreitur við Skálholtsskóla .....	17
4.3 B - Byggingarreitur við Vígslubiskupshúsið.....	17
4.4 C - Byggingarreitir fyrir frístundabyggð og starfsmannahús við Skálholtsbúðarveg .....	17

4.5	D- Byggingarreitur á tilgátu- og upplýsingasvæði .....	18
5	Umhverfisskýrsla.....	19
5.1	Inngangur.....	19
5.2	Tilkynning og matsskylda.....	19
5.3	Áherslur og aðferðafræði .....	19
5.4	Kynning og samráð .....	19
5.5	Áhrifaþættir .....	20
5.6	Umhverfisþættir .....	20
5.7	Viðmið og umhverfisverndarmarkmið .....	20
5.8	Greining umhverfisáhrifa.....	21
5.9	Valkostir.....	21
5.10	Heildarniðurstöður .....	22

## **Samþykktir**

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010

frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann \_\_\_\_\_

## 1 Forsendur

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð þessa deiliskipulags sem nær yfir alla Skálholtsjörðina. Unnið er fyrir Skálholtsstað í samvinnu við sveitarfélagið Bláskógabyggð.

Heimasvæðið, svæðið kringum kirkjuna, skólann og bæinn, hefur áður verið skipulagt en það deiliskipulag öðlaðist aldrei lögformlegt gildi. Einnig var unnið deiliskipulag fyrir Skálholtsbúðir en það skipulag öðlaðist heldur aldrei lögformlegt gildi. Gert er ráð fyrir að nýja deiliskipulagið verði að einhverju leyti byggt á þessum deiliskipulagstillögum. Vinna að nýju deiliskipulagi hófst árið 2012 en þá voru uppi hugmyndir um tilgátubyggingu á svæðinu en fallið hefur verið frá þeirri hugmyndi og er ekki gert ráð fyrir henni í tillögu að deiliskipulagi.

Fengnar voru umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun við tillögu að deiliskipulagi fyrir auglýsingu og var tekið tillit til umsagna þeirra við vinnu að deiliskipulaginu.

### 1.1 Almennar upplýsingar

Skálholt er einn af merkustu sögustöðum landsins en saga Skálholts nær aftur til landnámsaldar. Stuttu eftir kristnitöku var reist kirkja í Skálholti og var fyrsti biskup Íslands, Ísleifur Gissurarson settur í Skálholti árið 1056. Þar var miðstöð kirkjustjórna, mikið fræðasetur og höfuðstaður Íslands í um 750 ár. Samhliða biskupsstólnum var rekinn skóli fyrir verðandi presta og þá sem hugðu á framhaldsnám erlendis auk hefðbundins búskaps. Árið 1784 reið mikill jarðskjálfti yfir Suðurland sem felldi meðal annars öll hús í Skálholti nema kirkjuna. Í kjölfarið var biskupsstóllinn fluttur til Reykjavíkur og Skálholt formlega lagt niður sem biskupssetur. Árið 1802 var kirkja Brynjólfss rífin og ný, mun minni kirkja, byggð í staðinn. Skálholt var þá um tíma venjulegt bóndabýli með sóknarkirkju. Á seinni hluta 20. aldar hefst viðreisn staðarins að nýju. ([www.instarch.is](http://www.instarch.is))

Markmið deiliskipulagsins er að gera heildarskipulag fyrir Skálholtsjörð. Hugað er að skipulagi byggðar og búskaps, umferðar og gróðurs í umhverfi ríku af minjum og sögu.

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem það mun móta stefnu um tilkynningarskylda framkvæmd. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þarf að kanna matsskyldu framkvæmdar þar sem um er að ræða nýræktun skóga sem fellur mögulega undir lið 1.07 í viðauka 1. *Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun.*


### 1.2 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður

Deiliskipulagið nær yfir Skálholtsjörðina alla, sjá mynd 1. Í dag er á jörðinni auk búskapar Skálholtskirkja, Skálholtsskóli, aðsetur vígslubiskups og prestsbústaður sóknarprests. Innan skipulagssvæðisins eru einnig Skálholtsbúðir og fjögur orlofshús.

Jörðin er rúmlega 1500 ha að stærð, þar af eru um 50 ha ræktuð tún og akrar fyrir búið. Trjám hefur verið plantað á u.p.b. 38 ha svæði norðan við Skálholtsveg og fellur sú ræktun undir samning við Suðurlandsskóga. Sá samningur nær til 249 ha svæðis. Samkvæmt skipulagi er ekki gert ráð fyrir að rækta á öllu því svæði.

Landið er algróið mýrlendi, sundurslitið af klapparásum sem halda norðaustur-suðvestur stefnu eins og flest móbergsfjöll sunnanlands yfir eldvirku beltí nærri flekamótum.

Mikið af fornminjum er á svæðinu, sérstaklega á svæðinu við kirkjuna sunnan Skálholtsvegar en unnið hefur verið að uppgreftri í mörg sumur á svæðinu. Í Skálholti er vatn úr þorlákshver nýtt til upphitunar.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins.

## **1.3 Skipulagsleg staða**

### **1.3.1 Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012**

Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram: *Skálholt verði markvisst byggt upp sem menningarmiðstöð og sögustaður.* Á sveitarfélagsupprætti (1:50.000) er gerð grein fyrir landnotkun í Skálholti. Landnotkunin sem um ræðir er *verslun og þjónusta, íbúðir, stofnanir og opin svæði til sérstakra nota.*

Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að í landi Skálholts er gert ráð fyrir 10 ha frístundabyggð og skógrækt á 220 ha svæði. Svæði fyrir frístundabyggð nær yfir núverandi byggingar Skálholtsbúða ásamt mögulegri stækku svæðisins.

### **1.3.2 Auglýst tillaga að Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027**

Í auglýstri tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar kemur eftirfarandi fram: Til að styrkja samfélagsþjónustu í sveitarféluginu er gert ráð fyrir að styrkja Skálholt í sessi sem menningarsetur og að þar verði fræðsla til ferðamanna efla.

Einnig kemur fram að stærð frístundasvæðis sé um 11 ha, að ræktaður skógur sé um 48 ha. Gert er ráð fyrir tveim pálagrímaleiðum um sveitina sem enda/byrja á Skálholti. Gert er ráð fyrir hitaveitu fyrir Skálholt úr Þorlákshver.

Landnotkunarflokkar eru samfélagsþjónusta, frístundabyggð, ræktað land, landbúnaðarsvæði, friðlýstar fornminjar, hverfisvernd, svæði á náttúruminjaskrá, náttúruvá, skógrækt, gönguleið og reiðleið.

## **1.4 Deiliskipulag**

Til er deiliskipulag fyrir heimasvæði Skálholts; svæðið í kringum kirkjuna, biskupshúsið, skólann og bænn frá árinu 1996 sem aldrei var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og hefur því aldrei öðlast gildi. Þá er til deiliskipulag fyrir Skálholtsbúðir og nánasta umhverfi frá árinu 2002 sem einnig var ekki auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og hefur því aldrei öðlast gildi.

Þessar deiliskipagstillögur eru hafðar til hliðsjónar við gerð þessa deiliskipulags.

## **1.5 Minjar**

Fornleifaskráning fór fram í Skálholti sumarið 2016. Lengi hafði staðið til að fá yfirsýn yfir minjar á jörðinni í samhengi við stóran rannsóknaruppröft þar á árunum 2001-2007 og veitti Fornminjasjóður styrk til verksins vorið 2016. Auk þess studdi Skálholtsstaður við það með framlagi. Um skráninguna sá Birna Lárusdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands en henni til aðstoðar var Kristjana Vilhjálmsdóttir<sup>1</sup>.

Alls voru skráðir milli 70 og 80 minjastaðir á jörðinni en þar á meðal eru þó nokkrir staðir sem telja fjölda tófta og/eða garðlaga. Allar sýnilegar minjar voru mældar upp með nákvæmu staðsetningartæki (Trimble Geoexplorer 6000). Péttust er dreifing minja á heimatorfunni, í námunda

---

<sup>1</sup> Birna Lárusdóttir (væntanlegt). Fornleifaskráning í Skálholti. FS676-16091. Fornleifastofnun Íslands.

við kirkjuna og gamla bæjarstæðið eins og jafnan er raunin á gömlum bújörðum, þar sem mest umsvif hafa verið. Áður en haldið var á vettvang var gerð ítarleg úttekt á heimildum, s.s. fornritum, fornbréfum, örnefnalýsingum og gömlum kortum til að varpa ljósi á sögu jarðarinnar og staðsetningu fornra mannvirkja. Þess má geta að heimildir um jörðina þegar komið er út fyrir þungamiðjuna, þ.e. bæjarstæði og næsta nágrenni þess, eru fremur rýrar og margt óljóst hvað varðar landnotkun og aldur mannvirkja.

Friðlýstar fornleifar í Skálholti eru tú talsins og eru þær allar á heimatorfunni eða rétt utan við hana. Lögum samkvæmt er 100 m friðhelgað svæði í kringum friðlýstar minjar en 15 m kringum aðrar fornleifar. Friðlýstar minjar í Skálholti eru:

- Þorláksbúð
- Staupasteinn
- Þorláksbrunnur
- Skólavarðan
- Eystri og Vestari traðir
- Kyndluhóll
- Þorlákssæti
- Íragerði
- Jólavallagarður [hér og víðar koma þá tilvísanir í númer í lokagerð].

Flestir sýnilegar minjar á heimatorfunni sem þóttu vitna um gamla tíð hafa þannig verið friðlýstar. Vorið 2016 gaf Minjastofnun Íslands út verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti.<sup>2</sup> Tilgangurinn með henni er að tryggja verndun fornleifa og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar. Næstum allar friðlýstu minjarnar eru innan verndarsvæðisins en þar eru einnig tvær friðlýstar byggingar; Skálholtskirkja og Skálholtsskóli.

Fornleifaskráning hefur margvíslegt gildi. Lögum samkvæmt skal hún fara fram við deiliskipulagsgerð<sup>3</sup>, þá fyrst og fremst til að gæta þess að minjum verði ekki raskað við framtíðarþróun og hugsanlegar framkvæmdir. Niðurstöðurnar geta líka nýst við fornleifarannsóknir og ekki síður til að lesa í landslagið, kortleggja helstu menningarsöguleg einkenni á hverri jörð eða svæði og meta hvað þau geta sagt okkur um landnýtingu og þróun hennar – sem aftur getur haft áhrif til góðs þegar ákvarðanir eru teknar um framtíðarskipulag.

Minnt er á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

*"Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jöklum, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitnesku um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyldt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og*

---

<sup>2</sup> Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti, maí 2016.

<sup>3</sup> Sjá 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

*með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”*

Í Skálholti má greina ákveðin menningarsöguleg einkenni á hverju svæði fyrir sig:

### 1.5.1 *Heimatorfan*

Ritaðar heimildir eru mestar um þetta svæði. Þar eru langflest örnefni þekkt og þar eru skráðar flestar minjar auk þess sem gömul kort úr Skálholti eru fyrst og fremst af þessu svæði. Innan þess fellur verndarsvæðið sem var skilgreint af Minjastofnun Íslands árið 2016 og þar eru m.a. hinn gríðarstóri bæjarhóll sem spannar margar aldir í mannvistar�ögum. Það nær líka yfir heimatún sem fóru stækkandi til norðurs og austurs eftir því sem leið fram á 20. öld. Hér hafa einnig orðið hvað mestar breytingar á 20. öld og allt fram á þennan dag, fyrst með stækkun ræktarlands og nútímalegum byggingum við endurreisin staðarins upp úr 1950.

#### 1.5.1.1 Skálholtskirkja

Skálholtskirkja er teiknuð af Herði Bjarnasyni húsameistari ríkisins árið 1956. Í útfærslu sinni á Skálholtskirkju hafði Hörður hliðsjón af Brynjólfsskirkju sem stóð í Skálholti frá 1650 til 1807, krosslöguð, með þverskipi og hliðarskipum. Hún er einstaklega glæsileg í sínum einfaldleika og látleysi. Skálholtskirkja var vígð í júlí 1963 og er sú tólfra á staðnum. Að innan er kirkjan einnig látlaus og einföld og því njóta steindir gluggar Gerðar Helgadóttur sín afar vel. Í kirkjunni er mikið af listaverkum en ein helsta prýði hennar verður þó að teljast mósaíkmynd Nínu Tryggvadóttur sem er í kórnum. (*Leiðsögn um íslenska byggingarlist, 2000*).

Skálholtskirkja var friðuð af mennta- og menningarmálaráðherra 21. desember 2012, með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafríðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til innra og ytra byrðis Skálholtskirkju, auk nánasta umhverfis að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar.

#### 1.5.1.2 Skálholtskóli

Árið 1056 varð Skálholt biskupssetur og strax var þar stofnaður skóli til þess að mennta presta sem hina ungu kirkju bráðvantaði. Síðan hefur Skálholtskóli starfað, reyndar með nokkrum hvíldum síðustu tvær aldirnar, og aðlagað sig að þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Það má segja að hann hafi starfað sem menntaskóli, prestaskóli og lýðháskóli. Skálholtskóli var friðaður af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 líkt og Skálholtskirkja. Friðunin nær til ytra byrðis Skálholtskóla auk nánasta umhverfis. Skálholtskóli var teiknaður af Manfreð Vilhjálmssyni og Þorvaldi S. Þorvaldssyni arkitektum árið 1970. Við hönnun Skálholtskóla höfðu arkitektarnir fyrri tíða þorpsmynd í Skálholti í huga. Byggingunni er skipt upp í minni hús með tengigangi og til að áréttu mikilvægi samræmis í byggingum í Skálholti var skólinn hafður í sömu litum og kirkjan. (*Leiðsögn um íslenska byggingarlist, 2000*).

### *1.5.2 Svæðið norðan þjóðvegar.*

Á þessu svæði skiptast á holt og ásar sem liggja frá norðri til suðurs auk þess sem víðáttumikil myri er austast í landinu, móti Laugarási. Hér eru fyrst og fremst minjar sem tengjast útbeit, líkast til allt fram á 20. öld. Þar eru líka vísbendingar um að þar hafi verið smiðja og þá líkast til unnið járn úr mýrarauða, samanber örnefnið Smiðjuhólar. Þetta svæði hefur nokkuð aðra ásýnd en suðurhluti jarðarinnar, þar hallar landi heldur til norðurs og útsýni yfir bæjarstæði og Skálholtstungu er takmarkað.

### *1.5.3 Svæði við Hvítá sunnan við bæ.*

Á þessu svæði eru merkar fornleifar á holtum við ána, tvær þyrringar rústar innan fornlegra garðлага sem kalla mætti nytjaeinigar af einhverju tagi, líklega þannig að þar hafi menn búið a.m.k. tímabundið við veiðar eða skepuhirðingu og jafnvel verið höfð föst búseta á öðrum staðanna um tíma. Hluti af þessum minjum hefur látið á sjá vegna ágangs Hvítár. Í byrjun 21. aldar fannst hringlaga kopargripur í rofi á svæðinu, að öllum líkindum hluti af nælu frá víkingaöld og eru það elstu staðfestu minjar sem fundist hafa í Skálholti svo vitað sé og eldri en sjálfur biskupsstóllinn. Nælan gæti verið úr kumli. Minjavörður Suðurlands fór og kannaði aðstæður á vettvangi og mun fara aftur haustið 2017 og hreinsa og teikna snið tóftar sem er að hrynda í ána. Hugsanlega hefur nælan komið úr gólfagni þeirrar tóftar.

### *1.5.4 Svæði norðvestast meðfram Brúará*

Svæði meðfram Brúará og suður fyrir þorlákshver að meðtöldum Borgarhólum. Á þessu svæði eru miklar og blautar mýrar, víða allt að því ófærar. Helstu sýnilegu minjar á þessu svæði eru fjárborgir, alls á þremur svæðum, sem líklega voru í notkun áður en beitarhús komu til sögunnar. Þær benda til að svæðið hafi verið haft til vetrarbeitar.

### *1.5.5 Ungt athafnasvæði ofan við miðja Skálholtstungu, við Bolhaus.*

Á þessu svæði eru yngstu hagabeitarhúsin í Skálholti og hafa sýnilega verið í notkun langt frameftir 20. öld.

### *1.5.6 Skálholtstunga.*

Skálholtstunga er flöt og þar er fátt um örnefni og engar sýnilegar minjar af mannvirkjum þótt vitað sé um einn ferjustað nyrst og vestast í tungunni.

### *1.5.7 Verndaráætlun fyrir minjasvæðið í Skálholti – maí 2016*

Verndaráætlun var gerð til að tryggja verndun fornleifanna á sem bestan hátt og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulags og rekstur. Sýnd er afmörkun verndarsvæðis sem tekur yfir friðlýstar og friðaðar menningarminjar auk friðhelgaðs svæðis umhverfis þær. Gilda sömu reglur á öllu svæðinu. Sums staðar inniheldur verndarsvæðið ekki allt 100 m friðhelgunarsvæði friðlýstra minja. Er það í flestum tilfellum gert til að virða nýtingarrétt bænda á ræktuðum túnum. Það rýrir

þó ekki gildi 100 metranna og enn gilda ákvæði laga um menningarminja nr. 80/2012 um þá. Verndaráætlunin skal endurskoðuð annað hvert ár. Helstu markmið eru:

- Verndun minjanna
- Gott aðgengi fyrir alla
- Snyrtilegt og vel viðhaldið umhverfi
- Aðgengilegar upplýsingar um minjarnar

## **1.6 Verndun**

Fyrir utan friðhelguðu svæðin kringum fornminjarnar er eftirfarandi verndarsvæði innan marka skipulagsins að hluta eða öllu leyti.

### **1.6.1 Skálholtstunga og Mosar (764)**

Svæðið er á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar. Innan þess er Þorlákshver þaðan sem heitt vatn fæst fyrir skipulagssvæðið.

- (1) *Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerslækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt.*
- (2) *Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.*

### **1.6.2 –Brúará og Brúarskörð (764)**

Skálholtstunga og svæði í norður upp meðfram Brúará er hluti af náttúruminjum Brúarár og Brúarskarða.

- (1) *Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinna.*
- (2) *Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkumumikið landslag í Brúarskörðum.*

Rúmlega 3 km langur skurður var eftir allri Skálholtstungu en mokað var í hann árið 2016.

### **1.6.3 Vatnsögn**

Vatnsögn er „sjaldgæf vatnajurt sem vex aðeins við jarðhita og er flokkuð í Válista 1-plöntur, undir tegundir í bráðri hættu. Tegundin er friðlyst samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda ([www.ni.is](http://www.ni.is)). Plantan er ein af minnstu blómplöntum landsins og fannst við Þorlákshver 1961 en var þá þekkt við Laugarvatn og í Laugarási (<http://www.floraislands.is/crassagu.html>).

## **1.7 Náttúruvá**

### **1.7.1 Jarðskjálftar**

Í Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 kemur fram að samkvæmt skýrslu Almannavarna ríkisins frá 1978 liggar syðsti hluti Biskupstungnahrepps, sunnan Bræðratungu, á þriðja áhættusvæði, þar sem styrkur skjálfta getur orðið á bilinu 9-10 stig á Mercalli kvarða. Áhrif vegna stærri skjálfta geta því orðið töluverð, en það fer eftir því hvar upptök skjálftans verða á beltinu. Í

annálum er getið um 37 jarðskjálfta á Suðurlandi sem hafa verið svo sterkir að hús hafi hrunið. Í aðeins tveimur tilvikum er getið um að hús hafi hrunið í Biskupstungunum, í jarðskjálftunum 1784 og 1896.

Tekið er fram í aðalskipulaginu að við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt verði að gæta þess að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum. Einnig sé nauðsynlegt að hyggja vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, mishæðir eða stallar undir sökklum húsa.

### 1.7.2 Flóðasvæði

Hvítá flæðir af og til yfir bakka sína og hefur Veðurstofa Íslands kortlagt útbreiðslu flóða árin 1968, 1981 og 2006. Eru þau svæði sem flóðin náðu yfir skilgreind sem hættusvæði. Afmörkun hættusvæðisins er sýnd á skipulagsuppdrætti.

## 1.8 Gögn deiliskipulags

*Deiliskipulag Skálholtsjarðar samanstendur af eftirtöldum gögnum:*

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum ásamt umhverfisskýrslu.
- Deiliskiplagsuppdráttur, yfirlitsmynd í mælikvarða 1:11.000 í A1
- Deiliskiplagsuppdráttur fyrir heimatorfuna í mælikvarða 1:2.000 í A1
- Skýringaruppdráttur með minjum.

## 1.9 Samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru eftirfarandi:

- *Skipulagsstofnun*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Umhverfisstofnun*
- *Heilbrigðiseftirlit Suðurlands*
- *Bláskógabyggð*
- *Grímsnes- Grafningshreppur*
- *Hrunamannahreppur*
- *Vegagerðin*
- *Náttúrufræðistofnun Íslands*

## 2 Deiliskipulag

Markmið deiliskipulagsins er að gera heildarskipulag fyrir Skálholtsjörð. Skipuleggja á byggingarreiti fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og víglubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk lóða með byggingarreitum í Skálholtsbúðum. Hugað er almennt að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs. Bílastæði eru skilgreind og staðsetning þorlaksbúðar er skoðuð. Minjar á svæðinu eru tengdar með gönguleiðum og gert ráð fyrir upplýsingaskiltum um þær helstu. Afmarkað er svæði fyrir skógrækt norðan Skálholtsvegar og einnig er afmarkað svæði vegna endurheimtar votlendis, en það starf er þegar hafið. Skilmálar um fráveitu og aðveitu eru settir auk öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

### 2.1 Verndarsvæði og minjar

#### 2.1.1 Heimatorfan

Eins og kom fram í kafla 1.5.1 er stærsti hluti þekktra minja á heimatorfunni auk Skálholtskirkju og Skálholtsskóla, sem eru friðaðar byggingar. Á heimatorfunni er einnig aðsetur víglubiskups, prestsbústaður sóknarprests og önnur starfsmannahús á svæðinu, en þær byggingar eru ekki friðaðar.

Innan verndarsvæðisins, sem gerð hefur verið sérstök verndaráætlun fyrir, eru allar framkvæmdir óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands (sjá afmörkun á skýringaruppdraðetti). Minjastofnun ber ábyrgð á friðuðum sem og friðlýstum minjum og íslenska ríkið skal bera kostnað af viðhaldi friðlýstra fornleifa.

Þær framkvæmdir sem áætlaðar eru innan þessa svæðis eru möguleg viðbygging við víglubiskupshúsið, möguleg viðbygging við Skálholtsskóla, gerð sögustígs og færsla bílastæða. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum í tengslum við Skálholtskirkju.

Í Skálholtsskóla er ytra byrgði skólans friðað, eins og kom fram í kafla 1.5.1.2. Gert er ráð fyrir byggingarreit við vesturenda skólans en þar hefur lengi verið gert ráð fyrir viðbyggingu fyrir bókasafn. Hönnun viðbyggingarinnar liggur fyrir og er arkitekt hennar sá sami og hannaði skólann. Sjá nánari skilmála í kafla 4.2.

Víglubiskupshúsinu á að breyta í gestastofu/þjónustuhús til að þjóna ferðamönnum á staðnum. Möguleiki verður á starfsmannaíbúðum í hluta hússins. Núverandi gestastofa, sem verið hefur til bráðabirgða við bílastæðin, verður fjarlægð og mögulega flutt yfir í Skálholtsbúðir. Sjá nánari skilmála í kafla 4.3.

Loka á fyrir almenna bílaumferð inn á torgið fyrir framan kirkjuna. Færa á einnig rútustæðin fjær og verða bílastæðin stækkuð til norðurs þar sem gert er ráð fyrir rútustæðum og núverandi rútustæðum breytt í almenn bílastæði. Sjá nánar í kafla 2.5.1.

Sögustígur er hugsaður sem fræðslustígur fyrir ferðamenn, þar sem gengið er á milli helstu minja svæðisins en koma á upp upplýsingaskiltum í tengslum við stíginn. Minjavörður verður hafður með í ráðum þegar kemur að legu og gerð stíga og staðsetningu skilta.

### *2.1.2 Deiliskráning fornleifa*

Unnin var deiliskráning fornleifa fyrir skipulagssvæðið sem lauk 2017. Skráðir voru milli 70-80 staðir sem teljast til fornleifa. Sjá nánar í kafla 1.5.

## **2.2 Búskapur**

Búskapur hefur verið nær samfleytt í Skálholti frá landnámstíð og er gert ráð fyrir landbúnaði áfram á jörðinni. Hluti af búskapnum hefur verið að hirða þau tún sem tilheyra Skálholtsjörð. Vegna fjölgunar bílastæða norðvestan við skólann þarf að minnka óverulega núverandi tún neðan við Íragerði en einnig er gert ráð fyrir að stækkuð verði tún vestan við Skálholtstunguveg.

### *2.2.1 Beitarsvæði*

Rúmlega 430 ha svæði er flokkað sem beitarland sem tilheyrir búskapnum.

### *2.2.2 Landbúnaðarland*

Ræktuð tún eru um 50 ha og gert er ráð fyrir að hægt sé að bæta við um 20 ha vestan við Skálholtstunguveg. Hafa skal í huga að framræsla skurða og túnrækt getur haft áhrif á fornleifar.

## **2.3 Skógrækt**

Um 87 ha eru afmarkaðir sem skógræktarsvæði og er áætlað að af þeim sé búið að rækta um 38 ha. Samkvæmt samningi við Suðurlandsskóga virðist vera gert ráð fyrir að allt svæðið norðan vegar verði skógræktarsvæði en skipulagið gerir ráð fyrir að svæðið austan við skógræktina sé flokkað sem landbúnaðarland.

Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningaskyld framkvæmd og þarf því að kanna matsskyldu framkvæmdarinnar áður en til framkvæmda kemur.

Hafa skal í huga við skipulagningu skógræktarsvæðis að tóftir eru viðkvæmar fyrir skógrækt. Gæta þarf að því að skógrækt fari ekki nær en 100 m frá friðlýstum fornminjum en 15 m frá friðuðum minjum. Fjarlægja má gróður ef hann ógnar minjum.

## **2.4 Votlendi og endurheimt votlendis**

Eins og kom fram hér að framan hefur verið mokað í langan skurð á Skálholtstungunni en einnig var fyllt í minni skurði sem voru suðaustan við Skálholtsbúðir. Ráðgert er að fylla í fleiri skurði vestan við Torfholt. Lagt er til að trjárækt sem er í myrlendinu á þessu svæði verði fjarlæggð. Svæðin eru talin henta vel til endurheimtar votlendis þar sem áætluð svæði eru ekki nýtt og votlendisgróður er til staðar. Gæta þarf að því að hindra ekki framræslu svæða sem liggja ofar, þ.e. túna ofan við Skálholtsbúðir.

## **2.5 Samgöngur**

### *2.5.1 Vegir*

Heimreiðin að Skálholtskirkju, þjónustuhúsi/gestastofu og Skálholtsskóla er um Skálholtskirkjuveg (vegnr. 3566). Aðkoman að kirkjugarðinum og prestsbústaðnum er um Skálholtsstaðarveg (3540) og er gert ráð fyrir að tengja hann við Skálholtskirkjuveg í stað þess að tengjast Skálholtsvegi (vegnr.

31). Skálholtsbýlisvegur (vegnr. 3565) er út frá Skálholtsstaðarvegi og liggur að býlinu. Skálholtstunguvegur liggur út frá Skálholtskirkjuvegi og er aðkoma að Skálholtsbúðum um hann.

### 2.5.2 *Bílastæði*

Gert er ráð fyrir að loka fyrir almennt aðgengi að bílastæðum fyrir framan kirkjuna og að þar verði aðeins takmarkaður aðgangur, t.d. í tengslum við kirkjulegar athafnir.

Núverandi rútustæði verða færð lengra til norðurs, sunnan við Íragerði og verður núverandi rútustæðum breytt í almenn bílastæði. Gert er ráð fyrir um 5 rútustæðum og að almennum bílastæðum fjölgi úr 60 í 90 stæði, og eru þá ekki talin núverandi stæði neðan við kirkjuna sem á að loka. Við sérstök tilefni verður þó hægt að leggja bílum á kirkjutorginu og má áætla að þar komist fyrir um 25 – 30 bílar.

Íragerði er friðlýstur minjastaður þannig að gæta þarf að friðhelgunarsvæði hans við færslu bílastæða og gera það í samráði við minjavörð sem getur sett skilmála um legu bílastæðanna.

### 2.5.3 *Undirgöng*

Gert er ráð fyrir að setja megi undirgöng fyrir útvistarumferð undir Skálholtsveg vestan heimreiðar að Skálholtsbúinu. Undirgöngunum er ætlað að þjóna umferð gangandi og ríðandi auk búsmala. Sjá staðsetningu á skipulagsupprætti.

### 2.5.4 *Sögustígur*

Sögustígur er hringleið um bæjartorfuna og hugsaður sem fræðslustígur fyrir ferðamenn, þar sem gengið er á milli helstu minja svæðisins. Ætlunin er að koma upplýsingaskiltum á mikilvægum minjastöðu við stíginn. Stígurinn nær út fyrir verndarsvæðið í suðaustri þar sem hann heldur áfram í áttina að Laugarási. Sjá einnig kafla 2.1.1 um aðkomu Minjastofnunar.

### 2.5.5 *Stígar/slóðar*

Eini malbikaði stígurinn á svæðinu er frá Skálholtsbúðum að bílastæðum Skálholtskirkju. Aðrir stígar eru malarstígar eða slóðar í landinu. Auk sögustígarins er gert ráð fyrir að móta nýjan stíg norðan við Skálholtsveg sem leiðir fólk í gegnum skógræktina og yfir að útsýnisstað á Klifinu. Hægt er að ganga þaðan eftir stikuðum leiðum um skógræktina eða áfram eftir gömlu þjóðleiðinni um Hrosshaga.

### 2.5.6 *Pílagrímaleið*

Eins og kemur fram í auglýstu aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er búið að stika og setja upp upplýsingaskilti á pílagrímagönguleið sem liggur frá Bæ í Bæjarsveit að Skálholti. Í Bláskógabyggð liggur þessi leið um Leggjabrjót og Langastíg að Þingvallakirkju, áfram að Hrafagnajá og Biskupaleið um Lyngdalsheiði að bænum Neðra-Apavatni. Þaðan er farið sunnan Apavatns og norðan Mosfells og síðan fylgt vegi að Skálholti. Þá er unnið að gerð annarrar pílagrímaleiðar sem liggur frá Selvogskirkju á Stokkseyri um Flóa og Skeið, yfir Hvítá hjá Iðu og í Skálholt.

### 2.5.7 *Útsýnisstaður*

Inn á skipulagsupprættinn er merktur útsýnisstaður á Klifinu norðan við Skálholtsveg, þar sem gert er ráð fyrir að setja megi upp útsýnisskífu og/eða aðrar upplýsingar um örnefni og sögu svæðisins.

Góður hvíldar og útsýnisstaður er á gömlu þjóðleiðinni að Skálholti um Hrosshaga. Endanlega staðsetningu útsýnisstaðarins þarf að velja og ákveða í samráði við minjavörð og stjórn Skálholtsstaðar.

### 2.5.8 *Reiðleið*

Reiðleið liggar frá Laugarási í gegnum jörðina austanverða, yfir á Skálholtsstaðarveg og áfram meðfram Skálholtsvegi til vesturs. Einnig verði mögulegt að ríða eftir þjóðleiðinni um Hrosshagavík.

## 2.1 *Frístundabyggð – Skálholtsbúðir - starfsmannahús*

Aðkoman að Skálholtsbúðum er um Skálholtsbúðarveg út frá Skálholtstunguvegi. Á svæðinu eru nú þegar fjögur frístundahús og eitt svokallað þjónustuhús. Gert er ráð fyrir níu lóðum fyrir frístunda-eða starfsmannahús á þessu svæði. Fjögur af fimm núverandi húsum eru nýtt af Skálholtsskóla.

Gert er ráð fyrir að flytja húsið, sem nú stendur við bílastæði kirkjunnar og hefur þjónað sem gestastofa og kynningarými, á eina af lóðum Skálholtsbúða. Svæði frístundabyggðarinnar er girt af með girðingu og er viðhald hennar á kostnað landeigenda. Nánari skilmálar eru í kafla 4.4.

## 2.2 *Lóðir*

Innan deiliskipulagssvæðisins eru 8 lóðir (samtals um 4 ha) í tengslum við Skálholtsbúðir og eru stærðir þeirra eftirfarandi:

- Nr. 1. 4140 m<sup>2</sup>, óbyggt.
- Nr. 2. 7500 m<sup>2</sup>, óbyggt.
- Nr. 3. 2660 m<sup>2</sup>, óbyggt
- Nr. 4. 7500 m<sup>2</sup>, 77,7 m<sup>2</sup> sumarbústaður frá 2002.
- Nr. 5. 4712 m<sup>2</sup>, þrír 82,5 m<sup>2</sup> sumarbústaðir frá 1965, einn ónýtur, verður endurbyggður.
- Nr. 6. 3500 m<sup>2</sup>, 447,2 m<sup>2</sup> þjónustu og gistihús frá 1965
- Nr. 7. 2690 m<sup>2</sup>, óbyggt.
- Nr. 9. 4330 m<sup>2</sup>, óbyggt.

## 2.3 *Byggingarreitir*

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu byggingar byggðar innan þeirra og staðsettar í samráði við byggingarfulltrúa og byggingarnefnd Biskupstungnahrepps.

## 2.4 *Veitur*

### 2.4.1 *Rafmagn og vatn*

RARIK sér öllu skipulagssvæðinu fyrir rafmagni, heitt vatn kemur úr Þorlákshver og kalt vatn úr vatnsveitu sveitarfélagsins, Bláskógaveitu. Lagnir verða lagðar meðfram vegum. Vatnsveita að lóðamörkum og tenging raflagna og síma er á kostnað landeigenda. Áður en farið er í veituframkvæmdir þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands.

#### *2.4.2 Fráveita*

Mannvirki á skipulagssvæðinu tengjast rotþróm og eru þegar sex rotþrær á svæðinu samkvæmt kortavef Bláskógabyggðar: <http://www.map.is/sudurland/>. Fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

Gert er ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir lóðir nr. 1, 3, 7 og 9. Lóð 2 samnýtir rotþró á lóð nr. 4. Stærð og staðsetning rotþróa er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Kostnaður vegna rotþróa er í höndum lóðahafa.

#### **2.5 Upplýsingaskilti**

Upplýsingaskilti og aðrar merkingar innan skipulagssvæðisins skulu vera í samráði við stjórn Skálholts og ef um skilti tengd minjum svæðisins er að ræða skulu þau vera í samráði við Minjastofnun Íslands.

#### **2.6 Tilgátu- og upplýsingasvæði**

Í lægð vestan bílastæða er lagt til að útbúið verði tilrauna-, tilgátu- og upplýsingasvæði sem ætlað er að tengja við sögu Skálholtsstaðar og kristna trú. Svæðið er utan við minjaverndarsvæði. Um svæðið liggar Kvernalækur, en eins og örnefnið bendir til er líklegt að lækurinn hafi verið notaður til að knýja myllustein. Lagt er til að reynt verði að koma læknum í sem næst upprunalega legu, mögulega með uppistöðulóni og mylluhúsi. Mögulegt verði að færa tilgátuhús Þorláksbúðar á þetta svæði og nýta sem bænhús og/eða fræðsluhús um fornar byggingaraðferðir. Einnig hafa komið fram hugmyndir um að reisa völundarhús (limgerði, ekki bygging) á svæðinu.

### **3 Almennir skilmálar**

#### **3.1 Almennt**

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

#### **3.2 Hönnun og uppdrættir**

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

#### **3.3 Mæliblöð**

Mæliblöð skulu sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingardeits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstéttu og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

#### **3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar**

Í Skálholti hefur verið flokkun úrgangs til fjölda ára og eru sorpgámar á svæðinu. Sorpgámur er einnig í Reykholti sem þjónað getur frístundabyggðinni. Bláskógabyggð annast tæmingu sorpgáma.

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012).

#### **3.5 Frágangur lóða**

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

## 4 Sérákvæði

### 4.1 Almennt

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær nýbyggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

Allar skipulagsskyldar byggingarframkvæmdir sem háðar eru samþykki skipulags- og byggingarfulltrúa þurfa að vera í samráði við minjavörð.

Áður en til framkvæmda kemur á byggingarreitum A og B þar að fá fornleifafræðing(a) til þess að grafa prufuskurði og kanna hvort fornleifar leynist undir sverði á þeim byggingarreitum.

### 4.2 A - Byggingarreitur við Skálholtsskóla

Innan byggingarreits er heimilt að reisa viðbyggingu við Skálholtsskóla, bókasafn. Frumhönnun liggar fyrir og er byggingin teiknuð af sama arkitekt og Skálholtsskóli. Byggingin kemur í beinu framhaldi af Skálholtsskóla og verður í sama stíl, sömu byggingarefni, þakhallar og þakgerð sú sama. Mesta hæð byggingar frá aðalgólf, 7,5 m. og mesta vegghæð 4,5 m. Allar framkvæmdir þurfa að vera í samráði við Minjastofnun, enda er byggingarreiturninn innan minjaverndarsvæðis. Þessi viðbygging má vera allt að 950 m<sup>2</sup> að stærð og 3.500 m<sup>3</sup>.

### 4.3 B - Byggingarreitur við Vígslubiskupshúsið

Innan byggingarreits er heimilt að reisa viðbyggingu við Vígslubiskupshúsið á þrem hæðum til að húsið nýtist betur sem þjónustubygging og starfsmannahús og auðveldi aðgengi fyrir alla. Gert er ráð fyrir að viðbygging verði að hámarki 200 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Mesta hæð viðbyggingar er til jafns við mænishæð núverandi húss. Grafið verði frá húsinu út að bílastæðum og gert ráð fyrir að aðal inngangur verði inn á gólf núverandi kjallara. Stefnt er að halda lokaða samkeppni um hönnun hússins. Allar framkvæmdir þurfa að vera í samráði við Minjastofnun.

### 4.4 C - Byggingarreitir fyrir frístundabyggð og starfsmannahús við Skálholtsbúðarveg

Á lóðum nr. 1, 2, 4, 5 og 9 er heimilt að reisa eða endurreisa frístunda- eða starfsmannahús að hámarki 120 m<sup>2</sup> ásamt útihúsi að hámarki 15 m<sup>2</sup>. Húsin skulu vera úr timbri en mega vera á steyptum sökkli.

Vestarlega á lóð 4 er garðstubbur sem ekki má raska nema með undangenginni rannsókn til aldursgreiningar.

Á lóðum nr. 3 og 7 er heimilt að reisa þjónustu- eða starfsmannahús allt að 300 m<sup>2</sup>.

Á lóð nr. 5 standa 3 sumarhús sem hafa verið nýtt undir gesti Skálholtsbúða. Eitt húsið er ónýtt og verðu heimilt að byggja nýtt hús, allt að 90 m<sup>2</sup> að stærð, með sama útlit og fyrir er.

Mikilvægt er að öll húsin í Skálholtsbúðum séu samræmd í litum og efnisvali utanhúss. Brúnir og dökkgráir jarðlitir þannig að húsin falli sem best að umhverfinu og verði sem minnst áberandi.

Mænishæð allra húsa frá jörðu skal ekki vera meiri en 5,0 m og þakhalli má vera á bilinu 14-60 gráður.

Húsnúmer eru sýnd á uppdrætti.

#### ***4.5 D- Byggingarreitur á tilgátu- og upplýsingasvæði***

Innan tilgátu- og upplýsingasvæðis er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir tilgátuuhús, þorláksbúð. Byggingin skal vera að hámarki  $150\text{ m}^2$  ef mælt er í ystu jaðra. Yrði þá byggingin færð ofan af rústum þorláksbúðar. Einnig verði mögulegt að byggja stíflu við Kvernalæk og mylluhús allt að  $10\text{ m}^2$ .

Innan byggingareitsins verði jafnframt hægt að byggja þjónustuhús á einni hæð með grunnfleti að hámarki  $30\text{ m}^2$ . Þakform skal vera mænisþak, vegghæð að hámarki  $3,0\text{ m}$  og mænishæð frá aðalgólf að hámarki  $5,0\text{ m}$ . Aðalgólf skal vera að hámarki  $0,4\text{ m}$  yfir óhreyfðu landi.

Þakfletir bygginga skulu vera í fremur dökkum litum sem falla sem best inn í landslagið eða tyrfðir. Veggfletir bygginga skulu vera í náttúrulegum tónum. Skulu öll húsin á tilgátusvæðinu falla vel að landslagi svæðisins og byggð eftir fornum íslenskum byggingarhefðum.

## 5 Umhverfisskýrsla

### 5.1 Inngangur

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd skv. deiliskipulagi þessu er líkleg til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmiðið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulagstillögu hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Í matsvinnu var skoðað hvernig deiliskipulagið kann að hafa áhrif á umhverfið.

Mismunandi valkostir voru ekki til samanburðar í þessu umhverfismati.

### 5.2 Tilkynning og matsskylda

Eftirfarandi framkvæmdir eru tilkynningaskyldar skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000:

Samkvæmt flokk 1.07 C Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun, þarf að kanna matsskyldu nýræktun skóga.

### 5.3 Áherslur og aðferðafræði

Í vinnu við deiliskipulag var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Deiliskráningu fornminja hefur verið lokið fyrir svæðið. Þau gögn sem þegar eru til eru notuð og ekki var talin þörf á frekari rannsóknum fyrir umhverfisskýrsluna. Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

### 5.4 Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi aðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

Umhverfisnefnd Bláskógabyggðar, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðina.

Tillaga að deiliskipulagi var kynnt á almennum fundi í Skálholti í október 2017.

### **5.5 Áhrifapættir**

Eftirfarandi áhrifapættir eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum:

- Skógrækt, nýrækt um 87 hektarar

### **5.6 Umhverfisþættir**

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat deiliskipulags þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í deiliskipulagi.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Útivist, bætt aðstaða með bættum göngu- og reiðstígum, ásamt skjóli á skógræktarsvæðinu.
- Gróður á hluta svæðisins breytist með frekari skógrækt.
- Dýralíf getur breyst vegna breyttis gróðurfars.
- Ásýnd, breytt ásýnd vegna aukinnar skógræktar.
- Fornminjar, taka þarf tillit til minja á svæðinu.

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.

### **5.7 Viðmið og umhverfisverndarmarkmið**

Eftirfarandi eru helstu viðmið sem liggja til grundvallar matinu á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar:

- Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012.
- Affornord: effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development, Guðmundur Halldórsson, Edda Sigurdís og Bjarni Diðrik Sigurðsson ritstjórar. Nordic Council of Ministers, 2008:562.
- Lög nr. 106, 2000 um mat á umhverfisáhrifum
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 61. gr.
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Skipulagslög nr. 123 2010.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Staðardagskrá 21
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið, 2002.

## **5.8 Greining umhverfisáhrifa**

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.

Deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.

(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.

Deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.

Deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.

(Ó) Óljós áhrif á umhverfispátt.

Deiliskipulag hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

## **5.9 Valkostir**

Mismunandi valkostir voru ekki til samanburðar í þessu umhverfismati.

### **5.9.1 Útvist**

Unnið hefur verið að skógrækt í mörg ár á svæðinu norðan við Skálholtsveg. Með skipulaginu er verið að afmarka það svæði sem ætlað er til frekari skógræktar frá landbúnaðarlandi í kring. Gera má ráð fyrir að með aukinni skógrækt myndist skjól. Möguleiki er á að auka fjölbreytni útvistar með því að gera göngustíg í gegnum skógræktina og á milli/að minjastöðum.

Áhrif uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi á útvist er talin vera jákvæð.

### **5.9.2 Gróður**

Á því svæði þar sem gert er ráð fyrir frekari skógrækt innan skipulagssvæðisins mun gróðurfar breytast. Á þeim svæðum sem eru gróðurlítil minnkar jarðvegseyðing sem er jákvætt. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem birt er í AFFORNORD 2008, um áhrif skógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika, má ætla að með tilkomu skógarins mun háplöntum fækka ef þær eru fyrir hendi á væntanlegu skógræktarsvæði og þar sem er ræktað upp í lyngmóa víkur hann og skuggþolnari plöntur koma í staðinn. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á gróðri svæðisins en þar sem skógræktarsvæðið er ekki stór hluti deiliskipulagssvæðisins er þetta ekki talið hafa neikvæð áhrif. Áhrif samkvæmt deiliskipulagi á gróður er talin vera óveruleg eða jákvæð.

### **5.9.3 Dýralíf**

Dýralíf getur breyst vegna breyttts gróðurfars innan skógræktarsvæðisins. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem birt er í AFFORNORD 2008, um áhrif skógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika, er líklegt að sveppagróður og fjöldi hryggleysingja í jörðu aukist. Fjöldi hryggleysingja ofanjarðar verður líklega svipaður en tegundasamsetning breytist. Samkvæmt áðurnefndum niðurstöðum helst fjöldi fugla svipaður en tegundasamsetning mun breytast mikið.

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á dýralífi svæðisins en þar sem skógræktarsvæðið er ekki stór hluti deiliskipulagssvæðisins er þetta ekki talið hafa neikvæð áhrif.

Áhrif uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi á dýralíf er talin vera óveruleg.

#### 5.9.4 Ásýnd

Sjónræn áhrif vegna áframhaldandi skógræktar eru ekki talin verða mikil á svæðinu og mjög lítil áhrif á Skálholtskirkju og svæðið næst henni. Nýræktunarsvæðið er í framhaldi af núverandi skógrækt norðan við Skálholtsveg og má því gera ráð fyrir að sjónræn áhrif verði mest þar.

Áhrif uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi á ásýnd landsins er talin vera óveruleg.

#### 5.9.5 Fornminjar

Helsta minjasvæðið er sunnan við Skálholtsveg og ekki er gert ráð fyrir neinni skógrækt í næsta nágrenni við þekktar minjar. Tekið er fram í deiliskipulaginu að skógrækt megi ekki fara nær en 15 metra frá minjum og að fjarlægja megi gróður ef hann ógnar minjum. Gert er ráð fyrir sögustíg sem leiðir fólk í gegnum svæðið að helstu minjum svæðisins þar sem komið verður fyrir upplýsingaskiltum um minjar á svæðinu og núverandi skilti löguð.

Áhrif uppbyggingar samkvæmt deiliskipulagi á fornminjar er talin vera jákvæð.

### 5.10 Heildarniðurstöður

Umhverfisþættir	Áhrif skv. deiliskipulagi		Núll kostur
Útvist	+		0
Gróður	0	+	0
Dýralíf	0		0
Ásýnd	0		0
Fornminjar	+		0
Niðurstaða	+		0

Í heildina er talið að deiliskipulagið hafi jákvæð áhrif á umhverfi skipulagssvæðisins. Aukin skógrækt og þar með breytingar á gróður og dýralífi er á þessu svæði talin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif. Auk þess mun aukin skógrækt á þessu afmarkaða svæði opna fyrir möguleika á frekari stígagerð og bæta útvistarmöguleika.

Óbreytt ástand/núll kostur mun ekki hafa afgerandi áhrif á gróður, dýralíf, útvist og ásýnd en gæti haft neikvæð áhrif á minjar.